

Ed.

35. Frumvarp til laga

um stríðsslysstryggingu sjómanna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skylt skal að tryggja þá sjómenn, sem slysstryggðir eru samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. tölul. 1. a. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar. Tryggingin nær til þeirra skipa, sem sigla á svæðum, er félagsmálaráðherra ákveður á hverjum tíma með reglugerð.

2. gr.

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu hjá stríðstryggingafélagi íslenskra skipshafna fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Bætur fyrir slys af völdum ófriðar skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag frá því slysið vildi til í allt að 52 vikur samtals.
- b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrnefndra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Örorkubætur má greiða sem árlegan lífeyri, ef örorkan er metin 50% eða meiri.
- c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill)	Börn innan 16 ára	Foreldrar	Samt.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna, eða ef þau falla undir ákvæði næstu málsgreinar. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn.

Ef hinn látni eftirlætur sér engan af framantöldum vandamönnum eða erfingjum, greiðist erfingjum hans eða dánarbúi kr. 12000.00 samtals.

4. gr.

Að öðru leyti fer eftir reglum laga og reglugerðar um stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi af 2. landsk. þm. (SÁÓ), og er vísað til greinargerðar hans á þingskj. 300. Nú hefir flutningsm. óskað þess, að fjárhagsnefnd flytti frv., og hefir nefndin orðið við þeirri ósk hans. Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um einstök atriði frv. og áskilja sér rétt til breytinga.

Um afgreiðslu frv. þessa á síðastl. þingi að öðru leyti má geta þess, að frv. þetta kom ekki fram fyrir en á áliðnu þingi. Hafði fjárhagsnefnd frv. til meðferðar á nokkrum fundum og sendi málið til umsagnar stjórnar „Stríðstryggingafélags íslenskra skipshafna“, og er svar hennar prentað með hér sem fskj.

Á fundi þeim, er málið var tekið til endanlegrar meðferðar, var einn nefndarmanna (MJ) fjarstaddur, en hinir 2 nefndarmenn (BSt og ErlÞ) mæltu með, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Bernh. Stefánsson skrifaði þó undir nál. með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 13. desember 1939.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 8. des., viljum vér taka þetta fram:

1. Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 27. okt. 1939 um stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna má félagið ekki taka að sér í eigin áhættu meira en 225000 kr. dánartryggingu á einu og sama skipi í hverri ferð. Samkvæmt frumvarpi um stríðstryggingu sjómanna getur áhættan á togurum farið upp í 252000 kr. á togara, og þyrfti þá að endurtryggja það, sem umfram yrði, ef hámarksákvæði bráðabirgðalaganna verður ekki breytt. En stjórn félagsins telur heppilegast, að ekki þurfi að endurtryggja skipshafnir á togurum.
2. Ef haldið er fast við þann grundvöll, sem byggt var á við stofnun félagsins, þyrfti að hækka áhættuféð um ca. 100000 kr. til þess að félagið geti tekið allt að 252000 kr. á skipi í eigin áhættu. Einnig mætti komast hjá því að rýra öryggi félagsins frá því, sem verið hefir, með því að lækka hámarksdánartryggingu sjómanna úr kr. 21000, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, niður í kr. 19000.

Einn af stjórnendum félagsins, Jón Blöndal, vill þó taka það sérstaklega fram, að áhættuféð sé að hans dómi svo riflegt, að hagur félagsins sé fyllilega tryggður, þó að það taki í einstökum tilfellum allt að 252000 kr. í eigin áhættu, og gerir hann grein fyrir þeirri skoðun sinni í sérstöku fylgiskjali.

Virðingarfyllst.

Brynj. Stefánsson.

Jón Blöndal.

Ásgeir Þorsteinsson.

Reykjavík, 13. desember 1939.

Þegar nefnd sú, sem undirbjó frumvarp til laga um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, gerði áætlun um, hversu mikið áhættufé þyrfti að tryggja félaginu, var byggt á eftirfarandi grundvelli:

1. Gengið var út frá því, að slysaættan væri 1%, með öðrum orðum, að nettóiðgjöld félagsins þyrftu að meðaltali að vera 1% af tryggingarupphæðinni. Iðgjöldin hafa hinsvegar, síðan félagið tók til starfa, verið hvergi nærri svo há. (Brúttó)-iðgjöldin fyrir togarana (bæði til Englands og Þýskalands) hafa verið ½% fyrir flutningaskipin til Ameríku 3/10%, til Englands 9/10%. Iðgjöld þessi hafa verið miðuð við það, sem erlend váttryggingafélög hafa tekið á sama tíma, og hefir slysaættan því yfirleitt verið metin allmiklu lægri en gert var ráð fyrir í upphafi, þegar gerð var áætlun um áhættuféð.
2. Ef gengið er út frá 1% slysaættu, er áhættuféð ca. 4 μ („meðalfeilar“), þegar miðað er við 225000 kr. sem hámarkstryggingu.

Hækki hámarkið upp í 250000 kr., er áhættuféð hinsvegar ca. 3,5 μ . Útreikninga þessa hefir gert Kr. Guðm. Guðmundsson tryggingarfræðingur.

Hinsvegar er það fræðilega viðurkennt, að líkurnar til þess, að áhættuféð þurfi að vera meira en 3 μ , eru hverfandi litlar (2,7%), og ennþá minni eru þær, ef miðað er við 3,5 μ (0,46%).

Þegar tekið er tillit til þess hvorstveggja, að slysaættan, sem miðað var við í áætlun nefndarinnar, er talsvert miklu hærri en hún hingað til hefir verið metin á erlendum markaði, og þess, að nefndin miðaði áhættuféð við 4 μ , verður ekki annað sagt en að hin upphaflega áætlun um áhættuféð hafi verið svo varleg, að hag félagsins sé ekki teft í neina tvísýnu, þó frumvarpið um stríðsslysatryggingu sjómanna yrði samþykkt óbreytt og félagið taki dánartryggingu þá, sem þar er gert ráð fyrir, á eigin ábyrgð.

Jón Blöndal.